

Hveragerðisbær
Breiðumörk 20
810 Hveragerði

Reykjavík 30. apríl 2019

UST201903-251/A.B.

10.04.03

Efni: Tillaga – Stækjun deiliskipulagssvæðis – Hveragerðisbær - Vorsabær

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hveragerðisbæjar er barst 26. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagsbreytingu fyrir Vorsabæ í Hveragerðisbæ.

Í greinargerð kemur fram að við endurskoðun aðalskipulags Hveragerðisbæjar 2017-2029 var athafnasvæðið A2 stækkað og felst deiliskipulagsbreytingin í því að stækka mörk reitsins til samræmis við það. Þar af leiðandi mun deiliskipulagsreiturinn sem er 5,6 ha að stærð fyrir breytingu, verða 9,1 ha eftir breytingu og stækkar því um 3,5 ha.

Í gildandi aðalskipulagi segir að á svæðinu sé gert ráð fyrir garðyrkju, verkstæði, iðngörðum og annarri almennri atvinnustarfsemi.

Hraun

Í greinargerð kemur fram að innan deiliskipulagssvæðisins er hraunið að mestu slétt og að hluta til raskað. Utan svæðisins er á stöku stað heillegt, mosavaxið hraun, sem talið er að geti fallið undir a-lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Auk þess kemur fram að einungis lítill hluti þess nær að teygja sig inn á skipulagssvæðið og er sá hluti utan lóðarmarka og mun það haldast óraskað. Skv. uppdrætti er það mosavaxna hraun sem teygir sig inn á skipulagssvæðið verndað. Umhverfisstofnun tekur undir það sem kemur fram í tillögunni að hraun sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga haldist óraskað.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur